

Yfirlýsing frá bæjarstjóra Kópavogs og forseta bæjarstjórnar

Kópavogur 10. febrúar 2011

Ráðningarsamningur við bæjarstjóra Kópavogs, Guðrúnu Pálsdóttur, er sambærilegur þeim samningum sem gerðir hafa verið við forvera hennar í starfi.

Í ráðningarsamningnum eru afnot af bíl hluti af starfskjörum hennar og borgar hún skatt af þeim hlunnindum. Fyrri bæjarstjórar hafa verið með bílastyrk. Hvergi er í samningnum tilgreint hvernig notkun bifreiðarinnar skuli háttáð.

Bæjarstjóra er það hins vegar afar mikilvægt að störf hennar séu hafin yfir allan vafa og að sameiginlegur skilningur ríki milli hennar og bæjarstjórnar á túlkun ráðningarsamningins. Bæjarstjóri hefur því lýst því yfir við forseta bæjarstjórnar, Hafstein Karlsson, að framvegis muni hún ein hafa afnot af bifreiðinni.

Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri: „Ég tel mikilvægt að enginn vafi leiki á því að ég hafi og muni ávallt starfa af fullum heilindum fyrir bæjarbúa. Það er mikilvægt að ég njóti trausts þeirra og bæjarstjórnar enda starfa ég í þeirra umboði. Í ljósi þess að skilningur minn og bæjarfulltrúa á því hvernig nota megji bifreiðina er ekki sá sami, hef ég tekið af öll tvímæli um það að í framtíðinni muni ég ein nota bílinn. Ég biðst afsökunar á því að hafa túlkað ráðningarsamninginn á þann veg sem ég gerði og hef jafnframt óskað eftir því að hnykkt verði á umræddu ákvæði samningsins.“

Hafsteinn Karlsson, forseti bæjarstjórnar: „Það er eðlilegt að Guðrún Pálsdóttir noti ein þann bíl sem hún hefur til umráða sem bæjarstjóri. Ég fagna því þessari niðurstöðu og frumkvæði hennar til að ljúka málinu. Hún nýtur áfram trausts og stuðnings meirihlutans í bænum.“